



Landsskipulagsstefna, haf- og strandskipulag

Hafdís Hafliðadóttir
Samráðsfundur með sveitarfélögum
Reykjavík 11. – 12. apríl 2012

Leiðarljós

- Hafsvæðin við Ísland búa yfir mikilvægum auðlindum sem viðhalda þarf á grundvelli heilbrigðis , líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins
- Stjórnsýsla skipulagsmála á haf- og strandsvæðum sé skýr og samræmd



Skipulagsstofnun


Samráðsfundur með sveitarfélögunum

11.-12. apríl 2013

Markmið

1. Nýting auðlinda haf- og strandsvæða grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins, taki mið af varúðarreglunni og mótist af vistkerfisnálgun. Viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins svo að nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð.
2. Stjórnsýsla skipulagsmála á haf- og strandsvæðum sé skýr og samræmd og hlutverk stjórnvalda við gerð og framkvæmd skipulags skýrt.
3. Aðgerðir og framkvæmdir á haf- og strandsvæðum byggist á heildstæðri stefnumörkun og eftir atvikum svæðisbundnum skipulagsáætlunum sem hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi






Mynd 1. Heildaryfirlit yfir lifriki, notkun og vernd haf- og strandsvæða við Ísland. Gögn frá: Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands, Umhverfisstofnun.

Hafsvæðið undan suður- og suðvesturströnd Íslands er líklega það svæði þar sem hagsmunir náttúru og nýtingar rekast helst á.

Skilgreining á haf- og strandsvæði:


- Strandsvæði nær 115 m á sjó út frá stórstrau (netlög)
- Hafsvæði eru utan strandsvæða að mörkum efnahagslögsögunnar



Skipulag sveitarfélaga tekur til strandsvæða

Áhersla var lögð á að safna upplýsingum um stöðu mála á hafsvæðum

- Aukinn áhugi á notkun og nýtingu á haf- og strandsvæðum
- Auknar líkur á hagsmunaárekstrum
- Aukið álag á vistkerfi hafsins
- Skýrsla um strandsvæði og lögsögu (september 2011)
 - Heildarsýn skortir yfir starfsemi á hafsvæðum
 - Áætlanir vantar um hvar má nýta (og hvar á að vernda) í hafinu í kringum Ísland



Leiðir til að ná markmiðum um skipulag á haf- og strandsvæðum eru m.a. eftirfarandi:

1. Sett verði löggjöf sem taki til skipulags haf- og strandsvæða (sjávar og hafsbotns) sem kveði á um stjórnýslu málaflokksins og ábyrgð stjórnvalda gagnvart honum.
2. Mótuð verði heildstæð stefna um skipulagsmál haf- og strandsvæða við fyrstu endurskoðun landsskipulagsstefnu.
3. Mótuð verði nánari staðbundin stefna og tekið á hagsmunaárekstrum um ráðstöfun einstakra haf- og strandsvæða til nýtingar og verndar með svæðisbundnum skipulagsáætlunum haf- og strandsvæða.
4. Ákvarðanir um skipulag haf- og strandsvæða byggist á rannsóknum, tækni og þekkingu þar sem virðing fyrir náttúrunni sé höfð í fyrirrúmi.
5. Ákvarðanir um skipulag haf- og strandsvæða byggist á samstarfi og samráði ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Eftirtaldir vísar gefa til kynna hvernig miðar í átt að markmiðum um skipulag haf- og strandsvæða:

1. Eigi síðar en haustið 2013 verði hafinn undirbúningur við gerð lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða í nánú samráði við viðkomandi ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið sjái um undirbúning.
2. Hafin verði vinna við gerð skipulags fyrir haf- og strandsvæði á grundvelli settra laga. Það stjórnvald sem annast mun gerð skipulagsins samkvæmt nýrri löggjöf annist eftirfylgni.



Hvað er að í gangi í stóra samhenginu?

- Aþjóðleg samtök eins og UNICLOS og fl. hafa útbúið handbækur og leiðbeiningar.
- Norrænt samstarf
 - HAV – gruppen (Sjávarhópur norrænu ráðherranefndarinnar)
 - Nordiske Planmyndigheder
- Evrópusambandið
 - Proposal for a framework for Maritime Spatial Planning and Integrated Coastal Management

Landnotkunarflokkarnir eru 24 og þeir eru skilgreindir í grein 6.2.

- a. Íbúðarbyggð (ÍB)
- b. Miðsvæði (M)
- c. Verslun- og þjónusta (VP)
- d. Samfélagsþjónusta (S)
- e. Athafnasvæði (AT)
- f. Iðnaðarsvæði (I)
- g. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- h. Frístundabyggð (F)
- i. Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- j. Íþróttasvæði (ÍÞ)
- k. Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- l. Opin svæði (OP)

- m. Vegir, götur og stígar (VE)
- n. Flugvellir (FV)
- o. Hafnir (H)
- p. Veitur (VH)
- q. Landbúnaðarsvæði (L)
- r. Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- s. Óbyggð svæði (ÓB)
- t. Vötn, ár og sjór (V)
- u. Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)
- v. Vatnsból (VB)
- w. Strandsvæði (ST)
- x. Varnar- og öryggissvæði (VÖ)

Takk fyrir!



Skipulagsstofnun

Samráðsfundur með sveitarfélögum

11.-12. apríl 2013